

SAMÞYKKT

um hunda- og kattahald í Aðaldælahreppi.

Hundahald.

1. gr.

Hundahald í Aðaldælahreppi sætir eftirfarandi takmörkunum:

- a) Óheimilt er með öllu að láta hunda ganga lausa á lóð Hafralækjarskóla og á lóðum við Iðjugerði og Víðigerði, nema minkahunda og sporhunda, þegar þeir eru að störfum, og þá í gæslu eigenda eða umráðamanna.
- b) Hundahald er óheimilt í íbúðarhúsnæði í eigu Hafralækjarskóla og sveitarfélagsins.
- c) Ekki er heimilt að hafa með sér hund, þó í taumi sé, inn í skólahús, leikskóla og starfsstöðvar sveitarfélagsins, hverju nafni sem þær nefnast, né á nokkurn þann stað sem úrvinnsla, meðferð, og/eða geymsla matvæla á sér stað.
- d) Hundaeigendur skulu sjá svo um að hundar þeirra valdi ekki hættu, eða verði mönnum til óþæginda.
- e) Hundaeigendur skulu árlega færa hunda sína til skoðunar og hreinsunar hjá dýralækni og skulu eigendur framvísa, ár hvert, á skrifstofu hreppsins, vottorði um að hreinsun hafi farið fram.
- f) Hundaeigendur á þeim stöðum þar sem bann við hundahaldi nær til, samkvæmt samþykkt þessari, er veitt heimild til að halda hunda sína fram til ágúst 2001. Fram að þeim tíma ber þeim skylda til að hafa hunda sína í bandi utandyra, sbr. lið 1.a

2. gr.

Fyrir minni háttar brot á samþykkt þessari skal hundaeigandi sæta skriflegri áminningu og greiða allan kostnað er leiðir af brotinu. Ef um ítrekað brot er að ræða, eða meiri háttar brot, getur sveitarstjórn ákveðið að hlutaðeigandi hundaeiganda sé óheimilt að halda hund í Aðaldælahreppi. Skal hundaeigandi gjalda allan kostnað vegna brotsins og heimilt er að aflífa hundinn. Leita má aðstoðar lögreglu þegar þörf krefur vegna brota á samþykkt þessari.

3. gr.

Sveitarstjórn, eða aðili á hennar vegum, hefur eftirlit með hundum samkvæmt samþykkt þessari í umboði og í samstarfi við Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra. Kærur vegna meintra brota, á samþykkt þessari, skulu berast þessum aðilum.

4. gr.

Allir flækingshundar eða kettir sem sækja á þau svæði sem þeim er óheimilt að vera á, skulu tekin úr umferð. Gefi eigandi sig ekki fram og/eða vitjar ekki dýrsins innan 7 daga, hefur lögregla heimild til að lóga því í samræmi við ákvæði laga nr. 15/1994 um dýravernd, á kostnað dýraeiganda, enda hefur framkvæmdin verið auglýst áður.

Hunda sem ráðast á menn eða skepnur skal fjarlægja og er Heilbrigðiseftirliti Norðurlands heimilt að láta lóga þeim þegar í stað.

Kattahald.

5. gr.

Kattahald er bannað í húsnæði Hafralækjarskóla svo og í húsnæði í eigu Aðaldælahrepps. Kettir skulu ekki vera lausir á lóð Hafralækjarskóla, eða lóðum sveitarfélagsins við Iðjugerði,

nema í fylgd umráðamanns, sem ber að sjá svo um að kettir þeirra skilji ekki eftir sig úrgang eða önnur verksummerki á svæðinu.

Annað.

6. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum. Með brot út af samþykktinni skal farið að hætti laga um meðferð opinberra mála og að öðru leyti í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998, með síðari breytingum

7. gr.

Samþykkt þessi sem samþykkt er af sveitarstjórn Aðaldælahrepps staðfestist hér með, samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, til þess að öðlast gildi þegar við birtingu.

Umhverfisstjórnuneytinu, 11. apríl 2001.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.